

Mál nr. 319/2014**M og
V v. frítímaslysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Slys við þrif á vörubifreið.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 21. október 2014 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf frá V þann 3. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að hann hafi þann 13. júlí 2012 verið í frítíma sínum að þrífa bifreið sína. Hafi hann flækst í bandi á gólfinu og fallið á hliðina með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hægri öxl. Er um sambærilega lýsingu að ræða og fram kemur í tjónstilkynningu hans til V þann 12. nóvember 2012.

Í læknaþréfi frá 3. janúar 2013 kemur fram í lýsingu læknisins að M hafi verið að leysa af keyrslu á vörubíl, hann hafi flækst í keðju á gólfinu og dottið. Í matsgerð sem gerð var 23. september 2013 kemur fram í lýsingu á slysinu að M hafi verið að leysa af við keyrslu á vörubíl og hafi hann verið að vinna á vegum Orkuveitunnar. Hann hafi flækst um keðju er hann var að fara út úr vörubílum, dottið á malbikið og fallið á hægri hlið.

V hafnaði bótaábyrgð úr heimatryggingu M hjá V með bréfi þann 21. október 2013. Var vísað til gr. 27.3 í skilmálum vátryggingarinnar þar sem fram kemur að vátryggingin nái ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi. Taldi V ljóst að M hafi verið við störf þegar slysið varð.

Álit.

M telur í málskoti sínu til nefndarinnar að atvikalýsing í læknaþréfinu sé byggð á misskilningi sem láðst hefur að leiðrétta. Vill M meina að læknirinn hafi misskilið upplýsingar frá M um slysið.

Hvorki í málskoti né í tilkynningu til V er þess getið að bifreiðin sem M var að þrífa hafi verið vörubifreið. Er um að ræða vörubifreið í eigu fyrirtækis en ekki í eigu M sjálfs. Í tilkynningu um slysið til V kemur fram að slysið hafi orðið á Draghálsi en ekki á heimili M. Ekki liggur fyrir í málinu að M hafi leitast við að leiðrétta meinta misskilning læknisins á aðdraganda slyssins. Samkvæmt þessu verður að telja líklegra að M hafi slasast við vinnu en í frítíma sínum.

Miðað við þær upplýsingar og gögn sem liggja fyrir verður að telja ósannað að M hafi slasast í frítíma sínum.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki til staðar úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 25. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.